

Hafnarfjarðarbær  
vt. Rósa Guðbjartsdóttir, bæjarstjóri  
Ráðhúsi Hafnarfjarðar  
Strandgötu 6  
220 Hafnarfirði



Reykjavík 29. apríl 2022

## **Efni: Frekari uppbygging Sjómannadagsráðs og Hrafnistu á Hraunvangi**

Í framhaldi af ánægjulegum fundi okkar fyrir í dag er Hafnarfjarðarbæ hér með sent formlegt erindi um heimildir til þeirri miklu breytinga og uppbyggingar sem Sjómannadagsráð og Hrafnistuheimilin áforma á athafnasvæði sínu á Hraunvangi. Þar er m.a. rekið stærsta hjúkrunarheimili landsins og á því búa um þessar mundir 199 íbúar. Á lóð heimilisins eru að auki 64 leiguíbúðir og sækja íbúar þeirra margvíslega þjónustu í svokallaðan lífsgæðakjarna Hrafnistuheimilisins. Til viðbótar nýta 26 einstaklingar sér dagdvöl heimilisins á virkum dögum.

Í þessu erindi er vísað til minnisblaðs Sjómannadagsráðs og Hrafnistu til heilbrigðisráðherra í september síðastliðnum og einnig til nokkurra skýringarmynda sem vonandi gefa nokkuð glögga mynd af hugmyndum okkar. Fyrir liggur umsókn um breytingu á deiliskipulagi þar sem heimild er veitt til frekari uppbyggingar á lóð okkar við Hraunvang. Markmiðið er að ráðast í umfangsmiklar endurbætur og nýbyggingar til þess að bæta lífsgæði íbúanna og fjölga íbúðum og búsetuúrræðum fyrir aldraða Hafnfirðinga. Er ekki vanþörf á að ráðast í framkvæmdirnar enda hátt í hálf öld liðin frá því fyrsti áfangi Hrafnistuheimilisins var hannaður.

Upphaflega var sá áfangi, svokölluð A-álma, byggð sem íbúðir en síðar breytt í hjúkrunarrými sem ekki standast lengur nútímakröfur um einbýli, eigin snyrtingu o.s.frv. Fyrirhugað er að breyta álmunni aftur í íbúðir fyrir 1-2 einstaklinga. Til þess að halda a.m.k. óbreyttum fjölda hjúkrunarrýma á Hraunvangi eru áform um að byggja nýja álmu, C-álmu, með 100-120 nýjum hjúkrunarrýmum í takti við þær kröfur sem gerðar eru til slíka rýma í dag.

Sjómannadagsráð hefur einnig í hyggju að efla þjónustu við íbúa sína, leigutaka og aðra aldraða Hafnfirðinga samkvæmt hugmyndafræði lífsgæðakjarnans. Það yrði gert í samstarfi Hafnarfjarðarbæ og vonandi er að bæjaryfirvöld hafi á því fullan hug. Markmiðið er einfalt: Að gefa öldruðu fólki kost á því að auka lífsgæði sín og njóta tilverunnar betur en ella. Leiðirnar að markmiðinu snúast m.a. um margvíslega þjónustu á borð við veitinga- og kaffihússrekstur, hárgreiðslu- og snyrtistofuþjónustu, sjúkrahjálfun og heilsueflingu ásamt skipulögðu tómstunda- og félagsstarfi. Afrakstrinum er ætlað að mælast í bættri andlegri og líkamlegri líðan og um leið auknum lífsgæðum.


Sjómannadagsráð óskar hér með eftir samstarfi við Hafnarfjarðarbæ um að sækja um heimild til heilbrigðisráðuneytisins um framkvæmdaleyfi til þess að byggja við núverandi hjúkrunarheimili 100-120 hjúkrunarrými til viðbótar. Þannig yrði óbreyttur fjöldi hjúkrunarrýma á Hraunvangi tryggður og ásamt því að gæði vistarveranna myndu batna til mikilla muna.

Með von um jákvæðar undirtektir,

Ariel Pétursson, formaður stjórnar Sjómannadagsráðs

Sigurður Garðarsson, framkvæmdastjóri Sjómannadagsráðs

María Fjóra Harðardóttir, forstjóri Hrafnistu




**JH - 05. H.**

<span style="color: red;">■</span>	HJÓKRUNARHEIMILI
<span style="color: green;">■</span>	KJALLARI - HJÓKRUNARHEIMILI
<span style="color: orange;">■</span>	ÞJÓNUSTUMÍÐSTÖÐ
<span style="color: lightblue;">■</span>	IBÚÐIR
<span style="color: pink;">■</span>	BÍLAKJALLARI

HJÓKRUNARHEIMILI B ÁLMU	84 EINKARÝMI
MILLISTIGSIBÚÐIR I Á ÁLMU	67
IBÚÐIR I 2 OG 3	70
IBÚÐIR I 1	40
NÝTT HH	88-100

UPPLÝSINGAR				TILVÍSUN	
VERKHEITI:	HRAUNVANGUR	STADSETNING:	HAFNARFJÖRÐUR	RÝMI:	FRAMTÍÐ - JH-05H - TILLAGA B



UPPLÝSINGAR				TILVÍSUN	
VERKHEITI:	HRAUNVANGUR	STADSETNING:	HAFNARFJÖRÐUR	RÝMI:	SAGA